

Fimmtudaginn 25. febrúar 1993.

Nr. 284/1992. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkisaksóknari)

gegn

**Daníel Sigurðssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Ómerking. Heimvísun. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 27. maí 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu.

Ákærði krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir héraðsdómi verði ómerkt. Til vara krefst hann sýknu af kröfum ákærvaldsins.

Í frumskýrslu lögreglunnar í Gullbringusýslu 21. júlí 1991 um hin ætluðu brot ákærða kemur fram, að hann viðurkenndi ekki sök „fyrir utan það að hafa ekið aðeins of hratt“. Þetta var ekki yfirheyrsluskýrsla, og undirritaði ákærði hana ekki.

Áður en ákæra var gefin út í máli þessu hafði ákærða verið boðið, að mál hans yrði afgreitt án málshöfðunar á grundvelli 1. mgr. 112. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Var málið tekið fyrir í þessu skyni 25. september 1991 í saka-dómi Gullbringusýslu fyrir héraðsdómara þeim, er síðar fór með mál þetta. Framangreind lögregluskýrsla var þá lögð fram ásamt ökuferilsskýrslu ákærða og sakavottorði. Síðan er eftirfarandi bókað í þingbókina:

„Áminntur um sannsögli. Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974. Kærða er boðið að ljúka málinu samkvæmt fram lagðri lögregluskýrslu með dómsátt, og hafnar hann því. Hann kveðst ekki hafa gerst sekur um vítaverðan akstur eða mikinn hraða. Að öðru leyti gerir hann ekki athugasemd við efni lögregluskýrslunnar, sem hann les yfir í réttinum. Hann kveðst hafa þurft að spóla bifreiðinni af stað, þar sem bifreiðin hafi verið föst í

öðrum gír, og segist hann hafa ekið á 40 km hraða (35 km hámarks-hraði).“

Áður en héraðsdómari bauð ákærða að ljúka málinu á framan-greindan hátt, hlaut hann að taka afstöðu til þess, hvort brot væri skýlaust sannað og hvort refsing yrði sekt hið mesta, sbr. 2. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974. Fyrir honum lá lögregluskýrsla, þar sem sök var neitað. Engu að síður bauð dómariinn þennan kost, sem hafnað var. Að svo búnu sendi hann málið til ríkissaksóknara, sem gaf út ákæru, eftir að skýrslur höfðu verið teknar hjá lögreglu af þeim lögreglumönnum, sem afskipti höfðu haft af ákærða.

Með framangreindu boði þykir héraðsdómari hafa tekið afstöðu til sakarefnis í ákæru á þann veg, að hann geti ekki farið með það sem dómari, sbr. 7. tl. 36. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 15. gr. þágildandi laga nr. 74/1974, eins og þau ákvæði verða skýrð með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Með nýrri dómaskipan verður málinu vísað til meðferðar fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað til Héraðsdóms Reykjaness til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.